

Víðidalstunga II: Fréttir júní 2009

Við höfum ákveðið að setja inn eitthvað af fréttum af hestunum. Nú er sauðburði lokið og því hægt að gera eitthvað annað, ekki að það sé ekki gaman í sauðburðinum en alltaf jafn ágætt þegar honum líkur. Búið er að bera á og sá í flög. Það hefur því verið dustað rykið af reiðtygjum og lagt á nokkur hross sem hafa staðið óhreyfð síðan sauðburður hófst.

Rökkvi, 6 v.



10 hross verða á járnum hjá okkur í sumar, þau Draumur, Vídalín, Kóral, Elfa, Kraftur, Rökkvi, Auður, Kóróna, Prins og Kaðall. Um að gera fyrir áhugasama að kíkja við hvort ekki sé eitthvað sem hentar ef verið er að leita að einhverju til kaups.

Trippin verða heima við í júní en fara síðan á Víðidalstunguheiði til hausts.

Keðja og folald



Nokkur folöld eru fædd og er þetta skjótta alveg "glænýtt". Það stýttist svo í að kasti hryssurnar sem var haldið eftir Landsmót 2008. Við biðum spennt eftir því og setjum inn myndir þegar það gerist.

Aþena (F: Illingur frá Tóftum)



Sóldögg (F: Vökull frá Síðu)



Tvær hryssur fóru í byggingadóm, þær Aþena og Sóldögg. Báðar mjög spennandi hryssur, 5 vetra gamlar. Aldrei að vita nema önnur þeirra sé föll Meira seinna.